

Fréttapistill frá forseta Íslands

19. apríl 2021

Vikan, sem nú er gengin í garð, hófst á merkisafmæli. Árið 1521 var Marteinn Lúther ákærður fyrir villutrú og bannfærður. Hinn 18. apríl það ár, fyrir fimm öldum, var hann dæmdur í útlegð á ríkisþinginu í Worms í Rínavlandi. Siðaskiptin voru fram undan, ein mestu umbrot í Evrópu á seinni öldum.

Á þriðjudaginn var hlotnaðist mér sá heiður að afhenda verðlaun á Íslenska þekkingardeginum, viðurkenningarhátíð Félags viðskipta- og hagfræðinga. Í ár hlaut Hampiðjan Þekkingarverðlaun FVH og ja.is fékk jafnframt sérstaka viðurkenningu. Þá var Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri útnefndur hagfræðingur ársins og afhenti ég honum viðurkenningu af því tilefni. Ásgeir hefur skrifað merk rit um Jón Arason biskup, kveðskap hans og stöðu á hinum miklu umbrotatímum siðaskiptanna. Gerði ég það að umtalsefni í ræðu á viðburðinum og nefndi meðal annars hversu hollt það geti verið fyrir fólk í áhrifastöðum að hafa hugðarefni utan síns starfssviðs sem hægt er að hverfa til þegar færi gefst.

Í nýliðinni viku birtist einmitt stutt frásögn Skessuhorns, þess ágæta héraðsblaðs Vesturlands, af dvöl minni í Snorrastofu í Reykholti við ræðuskrif en einnig fræðastörf. Ég þakka enn gestrisni og hlýhug starfsfólks og annarra á staðnum.

Miðvikudaginn 14. apríl átti ég fjarfund með forseta Slóvakíu. Zuzana Čaputová hefur verið þjóðhöfðingi þar frá árinu 2019. Við ræddum um traust samskipti Íslands og Slóvakíu, meðal annars læknanám og nám í dýralækningum sem Íslendingar hafa stundað þar ytra. Čaputová sagði okkur hér vera öðrum gott fordæmi á sviði kynjajafnréttis og vill gjarnan fræðast um leiðir til frekari úrbóta í heimalandi sínu. Þá fórum við einnig yfir möguleika á auknu samstarfi á sviði jarðhita ytra. Loks var vikið að stöðu heimsfaraldursins í báðum ríkjum og þá von að senn birti til, ekki síst með auknum bólusetningum. Á myndinni sem fylgir er ég að sýna forsetanum myndir á símanum af rósrauða bjarmanum frá eldstöðvunum sem sést hér gjarnan á kvöldin - dálítið eins og Mordor í Hringadróttinssögu eins og ég sagði henni.

Enn þurfum við að þrauka. Í síðustu viku var létt nokkuð á hömlum á mannamót. Um leið vekja nýjustu tölur um smit utan sóttkvíar þann ugg að veirunnar gæti víðar í samfélaginu en við vorum kannski farin að vonast til. Betri tíð byggir á því að fólk sinni eigin sóttvörnum, fylgi tilmælum og fari í skimun við minnsta grun um einkenni sjúkdómsins. Eins brýnt er að öll þau, sem koma að utan, virði reglur um sóttkví og leitað verði allra skynsamlegra leiða til að tryggja það.

Enn verður færra um mannamót en í venjulegu árferði. Ég rifja hér upp tvo viðburði undanfarinna ára, með fólkum sem þorir að fylgja eigin sannfæringu og lætur ekki bugast við mótlæti. Á nýársdag 2019 hlotnaðist mér sá heiður að sæma Pál Óskar Hjálmtýsson fálkaorðunni fyrir framlag hans til íslenskrar tónlistar, jafnréttis og mannréttinda. Í janúar 2017 átti ég fund með Freyju Haraldsdóttur, talskonu samtakanna Tabú um málefni fólks með fötlun eða þroskaskerðingu. Við ræddum einkum um NPA, notendastýrða persónulega aðstoð, og kosti þeirrar leiðar til að

tryggja sjálfsögð mannréttindi íbúa landsins. Í því ljósi var því fagnað á fundinum fyrir rúmum fjórum árum að í stjórnarsáttmála þeirrar ríkisstjórnar, sem þá var nýtekin við völdum, var lofað að lögfesta NPA og styðja auk þess dyggilega við innleiðingu á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Síðan hafa mál enn þokast í rétta átt á þessum vettvangi. Ætíð er þó verk að vinna.

Á laugardaginn var sendi ég Elísabetu II Bretadrottningu samúðarkveðju vegna fráfalls Filippusar prins, hertoga af Edinborg, sem borinn var til grafar þann dag, 17. apríl. Áður hafði ég vottað bresku konungsfjölskyldunni og íbúum Sameinaða konungsveldisins og Samveldisins samúð á samfélagsmiðlum. Í bréfi mínu til drottningar minntist ég meðal annars ferða Filippusar prins til Íslands og þess góða þokka sem hann bauð af sér hér á landi.

Enn fjölgar í hópi farfugla sem hafa sumardvöl á Íslandi. Hér á Bessastaðanesi er magnað að fylgjast með margæsinni, hvernig hún fer um, kroppar í tún í leit að æti og flýgur í einni heild þegar þurfa þykir. Víða um land er lundinn sestur upp, til dæmis í Vestmannaeyjum, Grímsey og Hafnarhólma á Borgarfirði eystra.

Og enn vellur hraun upp úr gígum í Geldinga- og Merardölum á Reykjanesskaga. Við megum prisa okkur sæl að þau eldsumbrot, sem við þurfum að þola, hafa ekki valdið manntjóni eða meiðslum og mannvirki virðast ekki í hættu. Á annarri eyju, St. Vincent í Karíbahafi, hafa um 20.000 manns þurft að yfirgefa heimili sín eftir að eldgos hófst þar fyrr í þessum mánuði. Vatn og aðrar vistir vantar í neyðarbúðum og óttast er að farsóttin muni breiðast hratt út meðal fólks sem á ekki í önnur hús að venda.

Ég óska öllum lesendum velfarnaðar. Góðar stundir.